

Samkomulag um aukna byggðafestu á Breiðdalsvík

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 400 þorskígildistonna aflamarks árlega fiskveiðiárin 2016/2017 og 2017/2018 auk móttframlags samstarfsaðila Byggðastofnunar, skv.fylgiskjali 1 með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Breiðdalsvík. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr.606/2015, umsóknar Ísfisks ehf. og útgerðaraðila á Breiðdalsvík og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar þann 18. nóvember 2016.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Ísfiskur kt.631190-1039, Hafnarbraut 27, Kópavogi
- Grábrók ehf. kt.560594-2089, Sólheimum 8, Breiðdalsvík
- Gullrún ehf. kt.560312-1210, Ásvegi 32, Breiðdalsvík

1.

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu á Breiðdalsvík. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Breiðdalsvík.

2.

Samingurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2016/2017 og 2017/2018 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Ísfiskur ehf. rekur fiskvinnslu í Kópavogi og á Breiðdalsvík. Grábrók ehf. og Gullrún ehf. eru útgerðir á Breiðdalsvík. Samningsaðilar skuldbinda sig til að viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsókn félagsins dags. 8. nóvember 2016.

4.

Byggðastofnun leggur til 400 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins og samningsaðilar sem nemur 800 þorskígildistonna aflamarki á sama tímabili. Gert er ráð fyrir að lágmarki 1.200 tonna vinnslu í fiskvinnslu Ísfisks á Breiðdalsvík með 10-12 störfum í fiskvinnslunni auk starfa á sjó.

5.

Framsöl aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skuli heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr. 9 grein reglugerðarinnar. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

9.

Með samningi þessum fellur úr gildi samningur Byggðastofnunar, Ísfisks ehf., Grábrókar ehf., Gullrúnar ehf. og Grænnípu ehf. um aukna byggðafestu á Breiðdalsvík dags. 1. nóvember 2015.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Breiðdalsvík með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks milli aðila og verðlagningu dagsett __.desember 2016.
2. Umsókn um Aflamark Byggðastofnunar dags. 8. nóvember 2016.

Breiðdalsvík 14. desember 2016



f.h. Byggðastofnunar

ÍSFIÐSKUR ehf. kt. 631190-1039
Línarbráttur 27 • Kópavogi



f.h. Ísfisks ehf.




f.h. Grábrókar ehf.



f.h. Gullrúnar ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

 200857-5699

 0401684319